

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 14. júní 2019

Mál nr. E-976/2018:

E.T. ehf.

(Þórir Skarphéðinsson lögmaður)

gegn

GT Verktakar ehf.

(Marteinn Másson lögmaður)

D ó m u r

Mál þetta, sem var höfðað 9. október 2018, var dómtekið 31. maí 2019. Stefnandi er ET ehf., Klettagördum 11, Reykjavík. Stefndi er GT Verktakar ehf., Rauðhelli 1, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 4.116.800 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtrygging af 6.348.800 krónum frá 19. mars 2018 til 24. apríl 2018, af 4.348.800 krónum frá þeim degi til 6. júlí 2018, og af 4.116.800 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. sömu laga, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess að stefnukröfur verði lækkaðar verulega. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I.

Málsatvik eru þau að stefnandi á og rekur dráttar- og kranabíla, sérhæfðar gámalyftur, margvísleg dráttartæki, þungaflutningavagna, gröfur, jarðýtur, valtara o.fl. Stefndi er fyrirtæki á sviði jarðvinnslu og jarðefnaflutninga og í skyldri starfsemi. Fyrirtækið á og rekur vinnuvélar, s.s. vörubifreiðar, skóflur, valtara o.fl., en fyrirtækið leigir eftir þörfum vinnuvélar til þess að sinna ýmsum verkefnum, þegar það á sjálft ekki tæki til verksins eða bilanir koma upp.

Stefndi tók við námu í Lambafelli, í Þrengslum, til vinnslu jarðefna sumarið 2017. Meðan verið var að koma námunni í vinnslu þurfti hjólaskóflu til að moka efni á vörubíla og til hörpunar og leigði stefndi hjólaskóflu af stefnanda til verksins.

Ekki var gerður skriflegur samningur um leiguna og er ágreiningur um hvað aðilar hafi samið um. Stefnandi heldur því fram að aðilar hafi sammælt um það

munlega að stefndi myndi greiða leigugjald sem samsvaraði 10.000 krónum fyrir hvern klukkutíma, átta tíma á dag í 64 daga. Þessu mótmælir stefndi og heldur því fram að aðilar hafi samið um að leigugjaldið yrði sambærilegt eða það sama og fyrirtækið Armar ehf. leigi sambærileg tæki fyrir. Um sé að ræða svonefnda þurrleigu, þar sem mánaðargjaldið sé fast, leigusali annist viðhald tækis en leigutaki útvegi mann til að stjórna tækinu og greiða fyrir olíu á tækið. Mánaðarleiga hjá Örmum ehf. sé fastákveðin 600 þúsund krónur auk virðisaukaskatts, án tillits til notkunar.

Stefndi kveður að skóflan hafi framan af verið lítið notuð, en notkun aukist smávegis þegar líða tók á haustið 2017. Skóflan hafi verið leigð án tækjamanns. Stefndi heldur því fram að stefnandi hafi í engu sinnt viðhaldi vélarinnar, heldur hafi stefndi þurft að annast allt viðhald. Pumpa hafi þurft reglulega, nánast daglega, í hjólbarða, sökum þess hversu slitnir og lélegir þeir hafi verið. Þá hafi stefndi sjálfur þurft að skipta um og endurnýja svonefnda skeringa á skóflu vélarinnar svo að hún væri nothæf. Stefndi hafi skilað hinni leigðu vinnuvél til stefnanda í lok október 2017, en í staðinn hafi stefndi keypt aðra og nýja vél.

Stefnandi gaf út reikning vegna leigunnar í nóvember 2017, að fjárhæð 9.027.200 krónur. Miðaðist fjárhæðin við 10.000 króna tímagjald, auk virðisaukaskatts, í 8 tíma á dag í alls 91 dag. Stefndi mótmælti kröfunni og taldi reikninginn vera í verulegu ósamræmi við samkomulag þeirra um grundvöll leigugjaldsins og fjárhæð. Stefnandi bakfærði reikninginn í árslok 2017 og gaf út nýjan reikning, að fjárhæð 5.120.000 krónur auk virðisaukaskatts, eða alls 6.348.800 krónur, sem er stefnufjárhæð málsins. Í reikningnum er miðað við sama tímagjald, 10.000 krónur í átta tíma á dag í 64 daga. Stefndi var enn ósáttur við kröfu stefnanda og höfðaði stefnandi mál þetta.

Í þinghaldi 21. febrúar 2019 var að beiðni stefnda dómkvaddur matsmaður, Hjalti Sigmundsson, byggingartækniþræðingur og húsasmíðameistari, til að láta í té álit á því hvað væri hæfilegt og sanngjarnt leigugjald, þ.e. gangverð á leigumarkaði í júlí-október 2017, fyrir hjólaskóflu af sömu eða sambærilegri tegund, stærð, árgerð og í sambærilegu ástandi og hjólaskóflan var, sem matsbeiðandi leigði af matspola, miðað við algengustu aðferðir á markaði við ákvörðun leigugjalds og miðað við að tímamælir vélar væri ekki notaður við útreikning gjaldsins. Við matið skuli miðað við að tækið sé leigt án tækjamanns.

Í matsgerð Hjalta Sigmundssonar, dags. 20. mars 2019, kemst matsmaður að þeirri niðurstöðu að hæfilegt endurgjald fyrir leigu á sambærilegri hjólaskóflu og hér um ræðir sé á bilinu 810.000 krónur til 1.140.000 krónur á mánuði fyrir utan virðisaukaskatt, með afslætti vegna lengdar á leigutíma. Þá sé miðað við verð frá aðilum sem leigi út slík tæki á verðlagi samanber dagsetningu matsgerðar. Að teknu tilliti til breytinga á verðlagi hafi hæfilegt leigugjald í júlí til október 2017 verið

778.000 krónur til 1.094.000 krónur fyrir utan virðisaukaskatt. Matsmaður telur að engu skipti um leiguverð þó að vélin sé gömul enda séu afköst hennar hin sömu og væri hún ný. Almennt virðist sem að vélar séu leigðar út á dag-, viku- eða mánaðargjaldi og allur kostnaður við rekstur sé innifalinn nema eldsneyti. Einn leigusali sem rætt hafi verið við tryggi þó ekki vélar og þurfi leigutaki að gera það. Þá virðist vera algengt að miðað sé við að notkun sé um 200 tímar á mánuði en ekki sé þó leigt út samkvæmt tímamæli.

II.

Krafa stefnanda er byggð á reikningi að fjárhæð 6.348.800 krónur, sem var gefinn út 29. janúar 2018, með gjalddaga 19. febrúar 2018. Skuld þessi sé tilkomin vegna leigu stefnda á hjólaskóflu í eigu stefnanda á tímabilinu 27. júlí 2017 til 24. október 2017. Stefndi hafi greitt í tvö skipti inn á kröfuna. Annars vegar 2.000.000 króna þann 24. apríl 2018 og hins vegar 232.000 krónur þann 6. júlí 2018. Alls nemi skuld stefnda við stefnanda því 4.116.800 krónum.

Stefnandi kveður að það sé óumdeilt í málinu að stefndi hafi leigt hjólaskóflu af stefnanda á fyrrgreindu tímabili. Leiguandlagið sé nánar tiltekið hjólaskófla, árgerð 2007 af tegundinni Volvo L180, 28 tonn að þyngd. Ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um leigu á hjólaskóflunni en aðilar hafi sammælst um það munnlega að stefndi myndi greiða leigugjald, 10.000 krónur fyrir hvern klukkutíma átta tíma á dag í 64 daga.

Upphaflega hafi aðilar samið um leigu á hjólaskóflunni í 91 dag. Þar af leiðandi hafi stefnandi þann 30. nóvember 2017 gefið út reikning að fjárhæð 9.027.200 krónur. Skömmu eftir að sá reikningur var gefinn út hafi stefndi haft samband við stefnanda og fullvissað hann um að hjólaskóflan hefði einungis verið nýtt í 64 daga. Stefnandi hafi því verið beðinn um að bakfæra reikninginn og gefa út nýjan vegna leigu á vélinni í 64 daga. Engar aðrar athugasemdir hafi verið gerðar við reikninginn, hvorki varðandi tímagjald, fjölda tíma né heildarfjárhæð.

Stefnandi kveðst hafa orðið við beiðni stefnda og gefið út nýjan reikning þann 29. janúar 2018 að fjárhæð 5.120.000 krónur, auk virðisaukaskatts, samtals 6.348.800 krónur.

Þann 24. apríl 2018 hafi stefndi innt af hendi innborgun á fyrrgreindan reikning, að fjárhæð 2.000.000 króna. Innborgunin hafi verið fyrirvaralaus og án frekari skýringa eða athugasemda.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fái m.a. lagastoð í 45., 47. og 51. gr. laga nr. 50/2000. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 49. gr. sömu laga.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001.

Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

III.

Stefndi byggir aðallega á því að svo hafi um samist munnlega milli aðila að leigugjaldið fyrir hina leigðu vél yrði sambærilegt eða það sama og fyrirtækið Armar ehf. leigði sambærileg tæki fyrir. Um svonefnda þurrleigu hafi verið að ræða, þar sem mánaðargjaldið væri fast, leigusali annaðist viðhald tækis en leigutaki útvegaði mann til að stjórna tækinu og greiddi fyrir olú á tækið.

Stefndi heldur því fram að með hliðsjón af leigu á sambærilegu tæki hjá Örmum ehf., þar sem mánaðarleiga sé fastákveðin 600 þúsund krónur auk virðisaukaskatts, án tillits til notkunar, hafi hann greitt að fullu hið umsamda leigugjald til stefnanda.

Stefndi hafnar því að samið hafi verið um leigu er miðaðist við átta tíma vinnudag alla virka daga mánaðar á leigutímanum, á tímargjaldi er næmi 10.000 krónum auk virðisaukaskatts. Stefndi telur að slíkt fyrirkomulag þekkist ekki á íslenskum leigumarkaði stórra vinnuvéla. Annaðhvort sé um þurrleigu að ræða eða að miðað sé við skráðan vinnustundafjölda á tímamæli vélar. Stefndi bendir í þessu sambandi á að stefnandi hafi ekki spurt um eða sjálfur lagt fram neinar tímaskýrslur er sýni vinnu á tækinu í átta tíma á dag alla virka daga leigutímans. Hann hafi því ekki getað rukkað leigu fyrir átta tíma á dag.

Þá heldur stefndi því fram að umkrafið tímargjald og gjaldtökuaðferðin í heild sinni sé langt umfram það sem eðlilegt getur talist og endurspegli ekki sanngjarnt leigugjald er tæki mið af markaðsaðstæðum, aldri og ástandi hins leigða tækis, viðhaldsleysi af hálfu leigusala (stefnanda) á leigutímanum og fleiri viðurkenndum viðmiðunum. Tímargjaldið sé þannig bersýnilega mjög ósanngjarnt og verði ekki lagt til grundvallar í viðskiptum málsaðila.

Stefndi telur að á stefnanda hvíli sönnunarbyrði fyrir því að samið hafi verið um leigugjald, þar sem annarri aðferð sé beitt við útreikninga en almennt þekkist á markaði og tímargjald sé auk þess langt umfram það sem almennt þekkist á leigumarkaði fyrir stórar vinnuvélar.

Verði ekki fallist á staðhæfingar stefnda um að aðilar hafi samið um fast mánaðargjald fyrir leigu tækisins telur stefndi að miða beri við það leigugjald sem sanngjarnt er og hæfilegt má teljast miðað við markaðsaðstæður, aldur og ástand leigutækis, viðhaldsleysi af hálfu leigusala á leigutíma, gangverð fyrir leigu sambærilegra tækja á markaði og önnur atriði sem hefðbundið er að miða við, þegar upphæð leigugjalds er metin.

Stefndi bendir á að í fyrri viðskiptum málsaðila, er lutu að leigu vinnuvéla, hafi í öllum tilvikum leigugjaldið miðast við skráðan vinnustundafjölda á tímamæli

vélar. Engin leiga hefði þá verið greidd fyrir þann tíma er tæki stóð ónotað. Í þeim tilvikum hafi leigusalinn annast hefðbundið viðhald leigutækis, en leigutakinn útvegað tækjamann og borgað fyrir eldsneyti. Eðli málsins samkvæmt sé tímagjald, er miðast við tímamæli, allt annað en fjárhæð er reiknast með því að deila fjölda dagvinnustunda á mánuði í fast mánaðargjald, óháð notkun.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi viljað selja hið leigða tæki á um níu milljónir króna. Af því tilefni hafi stefndi fengið Brimborg til þess að kanna á erlendum markaði möguleika á innflutningi á sambærilegu tæki, með sambærilegan tímafjölda á mæli. Slíkt tæki hafi fundist, sem hafi verið í mjög góðu ástandi, sem kostað hefði 5,5-6 milljónir króna, eða svipað verð og nam umkröfðu leigugjaldi stefnanda. Af þessu megi sjá að krafa stefnanda um ríflega sex milljóna króna leigugjald fyrir 64 daga nemi kaupverði sambærilegs tækis að því er aldur varðar og mælastöðu, en í betra ástandi en tæki stefnanda.

Stefndi mótmælir frásögn stefnanda í stefnu málsins, um að málsaðilar hafi upphaflega samið um notkun tækis í 91 dag, en síðan í 64 daga. Þegar tækið hafi upphaflega verið tekið á leigu hafi ekkert legið fyrir um leigutímann.

Stefndi styður varakröfu sína, um verulega lækkun á stefnukröfum, eftir atvikum við sömu málsástæður og reifaðar hafa verið hér að framan.

Málskostnaðarkröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt. Stefndi hafi ítrekað reynt að ná samkomulagi við stefnanda, meðal annars með því að bjóða honum hækkun á greiðslu, án viðurkenningar á greiðsluskyldu. Hafi stefndi þannig lagt sitt af mörkum til þess að leysa málið utan réttar. Þá telur stefndi kröfu stefnanda um virðisaukaskatt á málskostnað sinn ekki eiga rétt á sér. Stefnandi sé sjálfur með virðisaukaskattsskyldan rekstur, hann greiði sjálfur virðisaukaskatt af þeirri þjónustu er hann kaupir, þar á meðal af lögmannsþjónustu, og nýti þann skatt svo sem innskatt í næsta virðisaukaskattsuppgjöri.

Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og að gerða samninga skuli halda og efna. Einnig vísar stefndi til 45. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefndi við 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV.

Eins og rakið hefur verið leigði stefndi af stefnanda hjólaskóflu af tegundinni Volvo L180, árgerð 2007. Ekki var gerður skriflegur samningur um leiguna og greinir aðila á um hvaða leiguverð stefnda ber að greiða. Fyrir dómi sagði fyrirvarsmaður stefnanda, Einar Jóhann Gíslason, að þegar stefndi tók hjólaskólfuna á leigu hafi ekki verið rætt um tímalengd en fyrirvarsmaður stefnda, Gísli Gunnar Sveinbjörnsson,

sagði að það hafi staðið til að leigja hjólaskófluna í 3-4 mánuði. Samkvæmt þessu er ljóst að ekki var um skammtímaleigu að ræða.

Stefnandi fullyrðir að aðilar hafi samið um að stefnda bæri að greiða 10.000 krónur fyrir hvern klukkutíma, átta tíma á dag, í 64 daga. Þannig gerir stefnandi kröfu um leigugjald að fjárhæð 5.120.000 krónur, auk virðisaukaskatts, samtals 6.348.800 krónur, en stefndi hefur greitt stefnanda 2.230.000 krónur. Stefnufjárhæð málsins nemur því 4.116.800 krónum. Stefndi mótmælir kröfu stefnanda og heldur því fram að samið hafi verið um að leigugjaldið yrði sambærilegt við það sem fyrirtækið Armar ehf. leigi vélar á, þ.e. svokallaða þurrleigu með föstu mánaðargjaldi, 600.000 krónur á mánuði, auk virðisaukaskatts. Stendur hér orð gegn orði og ber stefnda því að greiða stefnanda það verð sem telja má sanngjarnt, sbr. 45. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Undir rekstri málsins aflaði stefndi matsgerðar dómkvadds matsmanns til að meta hvað sé hæfilegt og sanngjarnt leigugjald fyrir hjólaskóflu af sömu eða sambærilegri tegund, stærð, árgerð og ástandi. Er niðurstaða matsmanna sú að hæfilegt leigugjald, í júlí til október 2017, hafi verið á bilinu 778.000 til 1.094.000 krónur, fyrir utan virðisaukaskatt. Stefnandi hefur ekki leitast við að hnekkja fyrirbyggjandi matsgerð með yfirmati og eru engir ágallar á matsgerðinni sem geta leitt til þess að ekki verði á henni byggt í máli þessu. Þá hefur það ekki þýðingu hvort eða hvenær stefndi gerði athugasemdir við reikning stefnanda, þar sem uppsett verð stefnanda var ósanngjarnt, sbr. 2. málsl. 47. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu fyrirbyggjandi matsgerðar og þess að stefndi hefur þegar greitt stefnanda 2.230.000 krónur í leigugjald, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem er ákveðinn með hliðsjón af málskostnaðaryfirliti stefnda, 1.407.950 krónur.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, GT Verktakar ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, E.T. ehf.

Stefnandi greiði stefnda 1.407.950 krónur í málskostnað.

Sandra Baldvinsdóttir